

071/01 - Narfi VE 108

Narfi VE 108, skipverji slasast á humarveiðum

Narfi VE 108

Skipaskr.nr.: 0795

Smíðaður: Elmshorn Þýskalandi 1956 Stál

Stærð: 96,00 brl; 109,00 bt

Lengd: 27,43 m **Breidd:** 5,50 m **Dýpt:** 3,40 m

Vél: Caterpillar 459,00 kW **Árgerð:** 1987

Annað:

Földi skipverja: 6



Atvikalýsing

Þann 13. september 2000 var m.b. Narfi VE að humarveiðum á Stórahrauninu suður af Vestmannaeyjum. Veður: S-8 m/s og versnandi veður og þungur sjór.

Upp úr miðnætti slitnaði bakborðs togvírinn í hífingu. Trollið var því híft inn á stb. vírnum og þegar það kom upp átti að hífa það á rússanum fram með skipinu. Í þann mund kom fylla undir bátinn með þeim afleiðingum að rússinn slitnaði og hann skaust um borð með þeim afleiðingum að hann lenti í fæti eins skipverjans. Við höggið kom skurður á fót hans og var siglt með hann til hafnar í Vestmannaeyjum.

Við rannsókn kom fram

- að veður fór versnandi;
- að rússinn var úr nælonefni;
- að belgurinn og pokinn tapaðist eftir að rússinn slitnaði.

Nefndarálit

Nefndin telur ekki ástæðu til að álykta í málinu.